# Ársreikningur 2017

Kynning fyrir fjárfesta
14. febrúar 2018

Arion banki



## 2017

# Helstu atburðir ársins

**Rekstrarumhverfi gott** og fjármagnshöftum lyft

**Fyrstu skrefin í söluferli Arion banka,** í stærstu erlendu fjárfestingu í hlutabréfum hér á landi fyrr og síðar

**Vöxtur í grunnrekstri** – 7% vöxtur í lánum til viðskiptavina

Lán frá Kaupþingi uppgreidd og **bankinn er nú að fullu fjármagnaður á markaði**

Niðurfærslur á lánum og fjárfestingu í **United Silicon hafa áhrif á afkomu ársins**

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Stafrænar þjónustuleiðir vinsælar

Umsóknarferli um íbúðalán stafrænt og fljótlegt – besta bankaappið*

## Þægileg bankaþjónusta

1. Greiðslumat og umsóknarferli um íbúðalán að fullu stafrænt – fljótlegt og þægilegt
2. Nýr lífeyrissjóðavefur opnaður – fjöldi aðgerða í tengslum við lífeyrismál
3. Auðvelt að bæta við þjónustu svo sem að opna reikning eða fá greiðslukort
4. Hægt að frysta og opna aftur greiðslukort í Arion appinu
5. Einkaklúbbsappið hefur slegið í gegn – hefur verið sótt 40.000 sinnum

## Nýjar þjónustuleiðir breyta hegðun (Aukning 2017)




Arion banki – fyrir framtíðina

*Könnun MMR júní 2017

# Mikil og góð samskipti við viðskiptavini

**120.000**
viðskiptavinir

**560.000**
heimsóknir í útibú

**70.000**
tölvupóstar frá viðskiptavinum

**330.000**
Símtöl frá viðskiptavinum

**2.500**
Samtöl á Facebook og netspjalli

**696**
viðbrögð/greiningar frá greiningardeild

Arion banki – fyrir framtíðina

# Sterk staða á lykilmörkuðum

## Áhersla á þægilega bankaþjónustu

Arion banki opnaði tilraunaútibú í Kringlunni þar sem áhersla er á stafræna þjónustu – framtíðarútibúið

10 nýjar stafrænar lausnir voru kynntar til leiks á árinu – áfram verður fókus á að kynna til leiks nýjungar

Samstarf við Vörð tryggingar um sölu trygginga í útibúum bankans

## Sterk staða á mörkuðum

Númer 1 þegar kemur að hlutabréfaveltu í kauphöllinni

Arion banki ráðgefandi í einu skráningu ársins þegar Klappir Grænar Lausnir var skráð á First North markaðinn

S&P hækkaði lánshæfismat bankans í BBB+ með stöðugum horfum

# Banki ársins á Íslandi

**Euromoney** valdi Arion banka sem banka ársins á Íslandi

**Global Finance** valdi Arion banka sem fjárfestingarbanka ársins á Íslandi

**Investment Pension Europe** valdi Frjálsa lífeyrissjóðinn sem besta lífeyrissjóð Evrópu í löndum með færri en eina milljón íbúa

## Breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn

- **Eva Cederbalk** tók við sem stjórnarformaður Arion banka í júní
- **Steinunn Kristín Þórðardóttir** var kjörin í stjórn bankans í nóvember
- **Iða Brá Benediktsdóttir** tók við sem framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs í júní
- **Lýður Þór Þorgeirsson** tók við sem framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs í október

# Sjálfbærni til framtíðar

## Nýsköpun og fjármálalæsi



Startup Reykjavík haldið í sjötta sinn og hefur Arion banki fjárfest í 80 nýsköpunar-fyrirtækjum í gegnum sína viðskiptahraðla



Fjöldi fræðslufunda haldnir fyrir viðskiptavini m.a. um sparnað, fyrstu íbúðakaup og lífeyrismál



Greiningardeild Arion banka kynnti m.a. hagspá sína og greiningu á fasteigna-markaði

## Virkur í samfélaginu




Samstarfsaðili HönnunarMars



Stuðningsaðili átaksins Plastlaus September



Samið var um áframhaldandi samstarf við HSÍ

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Efnahagsumhverfið



# **Kröftugur hagvöxtur** en hægt hefur á

## Slaknað hefur á spennu í þjóðarbúskapnum

- Hagvöxtur á þriðja ársfjórðungi mældist 3,1%. Þrátt fyrir hægari vöxt en undanfarna fjórðunga er ennþá mikill kraftur í hagkerfinu, einkum og sér í lagi innlendri eftirspurn.
- Einkaneyslan er og verður ein helsta driffjöður hagvaxtarins en fjárfesting og útflutningur leggur einnig hönd á plóg, þó í minna mæli en áður.
- Hægari vöxtur í ferðaþjónustu og öðrum útflutningsgreinum, samhliða vaxandi vöruskiptahalla hefur dregið úr viðskiptaafgangi.












Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# **Ferðaþjónustan** komin yfir mesta vöxtinn

## Eftir sumarveikinguna hefur krónan verið nokkuð stöðug

- Eftir sveiflukennt sumar sem einkenndist af gengisveikingu hefur gengi krónunnar leitað í nýtt jafnvægi og sveiflast á þröngu bili undanfarna mánuði.
- Seðlabankinn er nær alveg horfinn af gjaldeyrismarkaði og grípur nú að eigin sögn aðeins inn í til að stöðva spíralamyndun
- Sífellt fleiri vísbendingar benda til þess að ferðaþjónustan sé komin yfir mesta vaxtarskeiðið. Sem dæmi hefur hægt verulega á vexti erlendrar kortaveltu hér á landi sem og vexti í komu erlendra ferðamanna til landsins. Greiningaraðilar gera þó enn ráð fyrir áframhaldandi fjölgun.










Heimildir: Seðlabanki Íslands, Ferðamálastofa, Rannsóknarsetur verslunarinnar, Greiningardeild Arion banka

# **Innlendur verðbólguþrýstingur** eykst á ný

## Hindrun á leið Seðlabankans til lægri vaxta

- Enn um sinn er það húsnæðisverð sem keyrir verðbólguna áfram, á meðan innfluttar vörur vega á móti. Hinsvegar er farið að draga saman með þessum liðum, þar sem hægt hefur á hækkunum húsnæðisverðs og gengisáhrifin tekin að fjara út
- Ýmislegt bendir til þess að íbúðaverðshækkanir á höfuðborgarsvæðinu hafi náð hámarki, allavega í bili, og útlit fyrir hægari hækkun íbúðaverðs á komandi misserum
- Samspil þess að hagvöxtur reyndist nokkuð umfram spá Seðlabankans á þriðja ársfjórðungi, slaknað hefur á aðhaldi í opinberum fjármálum og kjarasamningar eru á næsta leyti hefur leitt til þess að dregið hefur úr væntingum um frekari vaxtalækkanir












Heimildir: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

# 2017
# Lykiltölur

**Hagnaður**
**14,4 ma.kr.**
2016:
**21,7 ma.kr.**

**Eiginfjárþáttur 1**
**23,6%**
31.12.2016:
**26,1%**

**Kostnaðarhlutfall**
**56,1%**
2016:
**56,0%**

**Heildar niðurf. lán/ Heildar lán**
**1,6%**
31.12.2016:
**3,2%**

**Arðsemi eigin fjár**
**6,6%**
2016:
**10,5%**

**Vogunarhlutfall**
**15,4%**
31.12.2016:
**17,8%**

**Stöðugildi**
**1.284**
31.12.2016:
**1.239**

**Íbúðalán / heildar útlán**
**40,6%**
31.12.2016:
**39,2%**

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Rekstrarreikningur



# Rekstrarreikningur

Fjárhæðir í milljónum króna

## Góð þróun í grunnrekstri

- Hreinar vaxtatekjur óbreyttar frá fyrra ári
    - Vaxtaberandi eignir hækka en lítil verðbólga og mikið lausafé í erlendri mynt á lágum vöxtum vinna á móti
- Hreinar þóknanatekjur aukast vegna nýrra dótturfélaga í Valitor og aukinna lánveitinga
- Yfirtakan á Verði og góður árangur félagsins eykur tekjur af tryggingastarfsemi verulega
- Laun og launatengd gjöld stöðug þrátt fyrir að Vörður og ný dótturfélög Valitor hafi bæst við samstæðuna
- Annar rekstrarkostnaður lækkar vegna bakfærslu á skuld við Tryggingasjóð innstæðu-eigenda og fjárfesta
- United Silicon (USi) hefur veruleg áhrif á nokkra liði rekstrarreikningsins

| | 2017 | 2016 | Breyting | Breyt. % |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 29.835 | 29.899 | (64) | (0%) |
| Hreinar þóknanatekjur | 15.357 | 13.978 | 1.379 | 10% |
| Hreinar fjármunatekjur | 4.091 | 5.162 | (1.071) | (21%) |
| Hreinar tekjur af tryggingum | 2.093 | 1.396 | 697 | 50% |
| Hlutdeild í afkomu hlutd.f.og hrein virðisbr. | (925) | 908 | (1.833) | - |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.927 | 3.203 | (276) | (9%) |
| **Rekstrartekjur** | **53.378** | **54.546** | **(1.168)** | **(2%)** |
| Laun og launatengd gjöld | (17.189) | (16.659) | (530) | 3% |
| Annar rekstrarkostnaður | (12.772) | (13.881) | 1.109 | (8%) |
| Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki | (3.172) | (2.872) | (300) | 10% |
| Hrein virðisbreyting | 186 | 7.236 | (7.050) | - |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **20.431** | **28.370** | **(7.939)** | **(28%)** |
| Tekjuskattur | (5.806) | (6.631) | 825 | (12%) |
| Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta | (206) | 0 | (206) | - |
| **Hagnaður** | **14.419** | **21.739** | **(7.320)** | **(34%)** |

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Rekstrarreikningur

Fjárhæðir í milljónum króna

## Vöxtur í þóknunum – mikið lausafé í erlendri mynt hefur áhrif á hreinar vaxtatekjur

- Hreinar vaxtatekjur dragast saman í samanburði við sama tímabil í fyrra einkum vegna mikils lausafjár í erlendum myntum
- Hreinar þóknanatekjur hækka frá 4F 2016 einkum vegna áhrifa nýrra dótturfélaga Valitor
- Uppreikningur á trygginga-skuld hefur neikvæð áhrif á hreinar tekjur af tryggingum á 4F
- Laun og tengd gjöld og annar rekstrarkostnaður hækka lítillega tengt auknum umsvifum
- Jákvæð hrein virðisbreyting vegna fyrirframgreiðslna og jákvæðra ytri áhrifa

| | 4F 2017 | 4F 2016 | Breyting | Breyt. % |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 7.265 | 7.842 | (577) | (7%) |
| Hreinar þóknanatekjur | 4.654 | 3.764 | 890 | 24% |
| Hreinar fjármunatekjur | 1.620 | 823 | 797 | 97% |
| Hreinar tekjur af tryggingum | 324 | 733 | (409) | (56%) |
| Hlutdeild í afkomu hlutd.f.og hrein virðisbr. | (8) | 198 | (206) | (104%) |
| Aðrar rekstrartekjur | 69 | 826 | (757) | (92%) |
| **Rekstrartekjur** | **13.924** | **14.186** | **(262)** | **(2%)** |
| Laun og launatengd gjöld | (4.565) | (4.406) | (159) | 4% |
| Annar rekstrarkostnaður | (4.016) | (3.803) | (213) | 6% |
| Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki | (784) | (682) | (102) | 15% |
| Hrein virðisbreyting | 1.448 | 410 | 1.038 | 253% |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **6.007** | **5.705** | **302** | **5%** |
| Tekjuskattur | (1.735) | (1.227) | (508) | 41% |
| Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta | (206) | 0 | (206) | - |
| **Hagnaður tímabilsins** | **4.066** | **4.478** | **(412)** | **(9%)** |

Arion banki – fyrir framtíðina

# Rekstrarreikningur

Fjárhæðir í milljónum króna

## Áhrif United Silicon (USi) á afkomu ársins

- Arion banki hefur fært niður að fullu hlutafé að fjárhæð 1.164 m.kr. í USi og skuldabréf að fjárhæð 708 m. kr. sem einnig er tengt félaginu. Hrein virðisbreyting á útlánum og kröfum á USi nam 2.962 m.kr. á þriðja ársfjórðungi
- Þörf á frekara umhverfismati og fjárfestingum í verksmiðjunni til að mæta kröfum um öryggi og umhverfissjónarmið
- Eftirstandandi skuldbindingar bankans vegna USi í lok ársins námu 6,3 mö.kr, eða 0,5% af efnahag bankans þ.m.t. lánsloforð og tryggingar
- USi er úrlausnarverkefni sem bankinn vonast til að ljúka í náinni framtíð

| | 2017 | Áhrif United Silicon | 2017 án United Silicon |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 29.835 | - | 29.835 |
| Hreinar þóknanatekjur | 15.357 | - | 15.357 |
| Hreinar fjármunatekjur | 4.091 | (965) | 5.056 |
| Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi | 2.093 | - | 2.093 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | (925) | (907) | (18) |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.927 | - | 2.927 |
| **Rekstrartekjur** | **53.378** | **(1.872)** | **55.250** |
| Laun og launatengd gjöld | (17.189) | - | (17.189) |
| Annar rekstrarkostnaður | (12.772) | - | (12.772) |
| Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki | (3.172) | - | (3.172) |
| Hrein virðisbreyting | 186 | (2.962) | 3.148 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **20.431** | **(4.834)** | **25.265** |
| Tekjuskattur | (5.806) | 954 | (6.760) |
| Afkoma af eignum til sölu eftir skatta | (206) | (206) | 0 |
| **Hagnaður tímabilsins** | **14.419** | **(4.086)** | **18.505** |



Arion banki – fyrir framtíðina

# Hreinar vaxtatekjur

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Sterkari lausafjárstaða hefur áhrif á vaxtamun

- Hreinar vaxtatekjur stöðugar milli ára
- Vaxtamunur lækkar úr 3,1% í 2,9%
- Lægri vaxtamunur m.a. vegna aukningar í vaxtaberandi eignum um 96 ma.kr. eða u.þ.b. 10% af efnahagsreikning bankans einkum í erlendu lausafé sem ber lága vexti
- Meira laust fé í erlendri mynt vegna fyrirfram fjármögnunar vegna afborgana útgefinna skuldabréfa og væntanlegrar arðgreiðslu
- Lág verðbólga hefur áhrif á hreinar vaxtatekjur bankans, þar sem verðtryggingar-ójöfnuður bankans var um 133 ma.kr. í árslok













Arion banki – fyrir framtíðina

# Hreinar þóknanatekjur



## Góður vöxtur í þóknanatekjum á árinu

- Hreinar þóknanatekjur af greiðslukortum og -lausnum jukust um 16% á árinu 2017, einkum vegna nýrra dótturfélaga Valitor
    - Kaupin á Chip & Pin og IPS hafa nú þegar áhrif á hreinar þóknanatekjur af greiðslukortum og munu styrkja stöðu Valitor enn frekar
- Stöðugur þóknanagrunnur í eignastýringu sem hefur sterka stöðu á innlendum markaði
- Markaðsviðskipti ganga vel og er bankinn er nr. 1 í miðlun hlutabréfa og nr. 3 í miðlun skuldabréfa á Íslandi. Tekjur af fyrirtækjaráðgjöf eru sveiflukenndar og lækka frá fyrra ári en ráðgjöfin hefur tekið mikinn þátt í viðamiklum innri verkefnum
    - Fyrirtækjaráðgjöf hafði umsjón með einu skráningunni á Íslandi árið 2017 sem var á Nasdaq First North markaðinn
- Aðrar þóknanatekjur jukust um 15,8% frá 2016, einkum vegna aukinna lánveitinga til fyrirtækja, íbúðalána og tengt ferðamannaiðnaði
    - Nýja útibúið á Keflavíkurflugvelli hefur jákvæð áhrif vegna aukins fjölda ferðamanna á Íslandi



# Hreinar fjármunatekjur

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Eru að ná jafnvægi eftir sveiflur vegna einskiptisliða á undanförnum árum

- Niðurfærsla á skuldabréfi tengdu United Silicon nam 708 millj. kr. og hlutabréfum 257 millj. kr.
- Hagnaður af afleiðum er einkum vegna jákvæðra gangvirðisbreytinga af þeim afleiðum fjárstýringar sem tengjast fjármögnun og nota áhættuvarnarreikningsskil
- Aukning á óskráðum hlutabréfum er vegna hlutdeildarskírteina í lausa-fjársjóðum sem eru hluti af lausafjárstýringu bankans
- Bankinn hefur markvisst unnið að því að draga úr stöðum í skráðum hlutabréfum
- Skráð hlutabréf í eigu Varðar námu 1.5 ma.kr. í árslok




| *Millj. króna* | **2013** | **2014** | **2015** | **2016** | **2017** |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutabréf | 2.968 | 7.039 | 12.560 | 6.335 | 3.671 |
| Skuldabréf | 627 | (263) | 162 | 30 | 166 |
| Afleiður | (154) | (299) | 304 | 50 | 132 |
| Myntgengismunur | (1.766) | 813 | (182) | (1.253) | 122 |
| **Hreinar fjármunatekjur** | **1.675** | **7.290** | **12.844** | **5.162** | **4.091** |







Arion banki – fyrir framtíðina

# Aðrar tekjur

Fjárhæðir í milljörðum króna

Tryggingar eru orðnar mikilvægari hluti af vöruframboði bankans

- Hreinar tekjur af tryggingum hækka samanborið við fyrra ár vegna yfirtökunnar á Verði frá og með 4F 2016
- Hreinar tekjur af tryggingum munu aukast þar sem tryggingar eru orðnar mikilvægur hluti af vöruframboði viðskiptabankasviðs
- Tekjur af fjárfestingareignum eru nánast eingöngu vegna virðisbreytinga. Lækkun frá 2014 er vegna sölunnar á Landfestum









Arion banki – fyrir framtíðina

# Rekstrarkostnaður

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Kostnaðarhlutfall breytist lítið milli ára

- Fækkun starfsmanna í móðurfélaginu á árinu er aðallega vegna úthýsingar á rekstri upplýsingatæknikerfa og hagræðingar vegna nýrra stafrænna lausna
- Stöðugildum hjá samstæðunni fjölgar um 45 frá fyrra ári einkum vegna nýrra dótturfélaga Valitor
- Launakostnaður er fremur stöðugur í samanburði við 2016 þrátt fyrir almennar launahækkanir og fjölgun starfsmanna
- Lækkun á öðrum rekstrarkostnaði vegna bakfærslu að fjárhæð 2,7 ma.kr. vegna bakfærðrar skuldar við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Úthýsing á UT og aðkeypt sérfræðiþjónusta hækka frá 2016
- Vörður og ný dótturfélög Valitor hækka rekstrarkostnað







* Kostnaðarhlutfall (Laun og launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjum)




Arion banki – fyrir framtíðina

# Skattlagning

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki hafa mikil áhrif á arðsemi

- Tekjuskattur á fyrirtæki er 20%
- Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki eru:
  - Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki sem er 0,376% af skuldum yfir 50 ma.kr.
  - Sérstakur fjársýsluskattur sem er 6% viðbótar tekjuskattur á skattstofn umfram 1,0 ma.kr.
  - Fjársýsluskattur sem er 5,5% af launum og mótframlagi í lífeyrissjóð
- Arion banki (móðurfélagið) er það fyrirtæki sem greiðir hæst opinber gjöld vegna rekstrar ársins 2016, 10,5 ma. kr. Af heildar opinberum gjöldum eru 4,9 ma.kr. skattar sem eingöngu eru lagðir á fjármálafyrirtæki




Áhrif sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki og 6% sérstaks fjársýsluskatts á arðsemi eigin fjár

| | Skv. árs-reikningi | Án sérstakra skatta á fjármálafyrirtæki |
|---|---|---|
| **2016** | 10,5% | 12,6% |
| **2017** | 6,6% | 8,2% |




Arion banki – fyrir framtíðina

# Efnahagsreikningur



# Efnahagsreikningur – eignir

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Útlánavöxtur sem byggir á kröftugum hagvexti

- Efnahagsreikningur bankans stækkaði um 10,8%
- Sterkur vöxtur í lánum til viðskiptavina einkum á seinni helmingi ársins
- Sterk lausafjárstaða vegna fyrirfram fjármögnunar á erlendri skuldabréfaútgáfu sem er á gjalddaga 2018

Aðrar- og óefnislegar eignir: 4%

336 ma.kr., þar af
**229 ma.kr. lausafjáreignir**
(50% af innlánum viðskiptavina)

**Lán til viðskiptavina**
67% af heildar eignum

7,4% aukning frá árslokum 2016




1. Aðrar eignir eru m.a. fjárfestingareignir, eignarhlutir í hlutdeildarfélögum og skatteign

Arion banki – fyrir framtíðina

# Lán til viðskiptavina

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Gott jafnvægi milli lána til einstaklinga og fyrirtækja

- Lán til viðskiptavina hafa aukist um 7,4% frá áramótum
  - Íbúðalán jukust um 9,7% einkum vegna nýrra stafrænna lausna og sterks húsnæðismarkaðar
  - Útlán til fyrirtækja jukust um 6,6% á árinu, einkum í fasteigna- og byggingastarfsemi og flutningastarfsemi
- Góð dreifing milli atvinnu-greina í útlánum til fyrirtækja
- Hlutfall heildar niður-færðra lána af heildar lánabókinni heldur áfram að lækka
- Góð eftirspurn eftir lánum, bæði fyrirtæki og einstaklingar










Arion banki – fyrir framtíðina

# Lán til viðskiptavina

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Gæði lánabókar halda áfram að aukast

- Gæði útlána hafa aukist verulega samkvæmt innri áhættuflokkun
  - 51% af lánum til einstaklinga í flokki 1 í árslok 2017 (22% í árslok 2016)
  - 85% af lánum til einstaklinga annað hvort í flokki 1 eða 2 í árslok 2017 (74% í árslok 2016)
  - 39% af lánum til fyrirtækja í flokki 1 í árslok 2017 (33% í árslok 2016)
  - 73% af lánum til fyrirtækja annað hvort í flokki 1 eða 2 í árslok 2017 (66% í árslok 2016)
- Veðtrygging útlána er heilbrigð og breytist lítið milli ára
- Hlutfall niðurfærslu af niðurfærðum lánum heldur áfram að batna










Arion banki – fyrir framtíðina

# Efnahagsreikningur – skuldir og eigið fé

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Sterk eiginfjárstaða og gott jafnvægi í fjármögnun

- Aukning í innlánum á viðskiptabankasviði
- Góður árangur í heildsölu-fjármögnun, bæði á erlendum og innlendum markaði
- Sterk lausafjár- og eiginfjárstaða
- Frekari þróun á samsetningu eigin fjár og skulda

**31.12.2017**
**1.148 ma.kr.**

**31.12.2016**
**1.036 ma.kr.**

**Eigið fé**
Eiginfjárþáttur 1: 23,6%
Vogunar hlutfall: 15,4%

**Lántaka**
Í ISK 182 ma.kr.
Í EUR 162 ma.kr.
Í öðrum gjaldmiðlum 41 ma.kr.

**Innlán**
Óbundin 72%
Allt að 3 mán. 18%
Meira en 3 mán. 10%

12.2% aukning frá árslokum 2016




1. Aðrar skuldir eru m.a. fjárskuldir á gangvirði og skattskuldir

Arion banki – fyrir framtíðina

# Innlán

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Innlán frá einstaklingum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum hafa aukist hratt

- Innlán eru u.þ.b. 40% af fjármögnun bankans
- Innlán frá einstaklingum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum hafa aukist um 26% á ári undanfarin 2 ár
    - Aukning í innlánum frá þessum aðilum endurspeglar gott efnahagsástand
- Heildarinnlán svipuð og þau voru fyrir lækkun árið 2016 þegar samið var um að innlánum Kaupþings yrði breytt í uppgreiðanlegt EMTN skuldabréf
- Innlán lífeyrissjóða eru sveiflukennd

Innlán




Binditími innlána (%)




Skipting innlána eftir myntum (%)




Arion banki – fyrir framtíðina

# Fjármögnun

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Góður árangur á erlendum og innlendum skuldabréfamörkuðum

- Í júní gaf bankinn út nýtt 3 ára skuldabréf að fjárhæð 300 m. evra eða 37 ma.kr. á kjörum sem jafngilda 0,88% yfir millibankavöxtum
- Bankinn fjármagnar íbúðalán með útgáfu á sértryggðum skuldabréfum innanlands. Heildarútgáfan nam 29,9 mö.kr. á árinu 2017
- Bankinn gaf út minni útgáfur á alþjóðlegum mörkuðum, samtals 19,6 ma.kr.
- Bankinn greiddi lokagreiðslu 747 m. USD EMTN skulda-bréfsins sem gefið var út til Kaupþings í byrjun árs 2016
- Bankinn hefur lokið við að endurgreiða alla fjármögnun frá íslenska ríkinu og Kaupþingi

Lántaka




Endurgreiðsluferill langtíma fjármögnunar




Lánshæfismat - S&P

| | | |
|---|---|---|
| Útgefin skuldabréf | BBB+ | A |
| Skammtímaskuldir | A-2 | A-1 |
| Horfur | Stöðugar | Stöðugar |

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Jákvæð þróun á eftirmarkaði

Munur á ávöxtunarkröfu bréfa Arion banka og stóru norrænu bankanna hefur minnkað verulega

Útgáfa í evrum – Vaxtaálag yfir millibankavöxtum




 Heimild: Bloomberg

# Eigið fé

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Hagræðing á eigin fé hafin með fyrirhugaðri 25 ma.kr. arðgreiðslu

- Eiginfjárgrunnur lækkar vegna fyrirsjáanlegrar 25 ma.kr. arðgreiðslu og/eða kaupa á eigin bréfum
- Sterk eiginfjárstaða vegna góðrar arðsemi á undanförnum árum
- Áhættuvegnar eignir eru 66,8% en þær eru reiknaðar á grundvelli staðalaðferðar. Vogunarhlutfall er 15%
- Innstæður bankans hjá Seðlabanka Íslands jukust verulega á árinu. Vogunarhlutfall og hlutfall áhættuveginna eigna lækka af þeim sökum
- Eiginfjárþáttur 2 í lok ársins var einungis almenn niðurfærsla á útlánum bankans










Arion banki – fyrir framtíðina

# Eiginfjárhlutföll

## Eiginfjáruppbygging og -kröfur (%)




- Eiginfjárútreikningar samstæðunnar byggja á stöðu samstæðunnar samkvæmt CRR, sem undanskilur dótturfélög í tryggingastarfsemi. Líta ber sjálfstætt á eiginfjárstöðu og gjaldþolskröfu Varðar trygginga hf.
- Heildareiginfjárkrafa fyrir stöðu samstæðunnar, sem tekur mið af niðurstöðu könnunar- og matsferlis (e. SREP) FME m.v. stöðu bankans 31. desember 2016 ásamt samanlögðum eiginfjáraukum, er 19,8% af áhættugrunni
- Að teknu tilliti til 1,5% innri varúðarauka og fyrirhugaða 25 ma.kr. lækkun á eigið fé nam umfram eigið fé samstæðunnar 21 mö.kr. þann 31. desember 2017
- IFRS 9 reikningsskilastaðallinn tók gildi 1. janúar 2018. Samkvæmt áliti FME skulu allar IFRS 9 niðurfærslur vera meðhöndlaðar sem sértækar niðurfærslur. Mat á væntu framtíðartapi mun því ekki telja sem eigið fé þáttar 2 í formi almennrar leiðréttingar á útlánaáhættu. Að teknu tilliti til lækkunar á niðurfærslum við upptöku IFRS 9 mun eiginfjárhlutfall bankans lækka úr 24,0% í 23,7% þann 1. janúar 2018

Arion banki – fyrir framtíðina

# IFRS 9

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Áætluð heildaráhrif af innleiðingu IFRS 9

**Nýjar flokkunarreglur**

- Við innleiðingu á nýjum flokkunarreglum IFRS 9 og upptöku á viðskiptamódelum og sjóðstreymis prófunum fjáreigna, verður hluti eigna endurflokkaður úr eignum færðum á kostnaðarverði í eignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Samstæðan hefur áætlað að við innleiðingu IFRS 9 munu þessar breytingar hafa í för með sér hækkun á óráðstöfuðu eigin fé að fjárhæð 0,4 milljarða króna að teknu tilliti til skattaáhrifa

**Nýjar reglur virðisrýrnunar**

- Við innleiðingu nýrra virðisrýrnunarreglna IFRS 9 munu reglur um vænt tap leysa af hólmi reglur um orðið tap í samræmi við IAS 39. Breytingin krefst aukins faglegs mats á ýmsum forsendum útreikninga. Þar má nefna væntingar um þróun efnahagslegra mælikvarða og með hvað hætti slík þróun hefur áhrif á útreikninga virðisrýrnunar. Nýja líkanið er notað fyrir fjáreignir, sem eru skuldagerningar (þar á meðal lán til viðskiptavina) færðum á kostnaðarverði eða gangverði í gegnum aðra heildarafkomu, leigusamningseignir, skuldbindandi lánsloforð og ábyrgðir. Hlutafjáreignir eru ekki niðurfærðar með þessari aðferð

- Vænt áhrif nýrra virðisrýrnunarreglna er hækkun á óráðstöfuðu eigin fé og lækkun á niðurfærslusjóðum samstæðunnar að fjárhæð 0,6 milljörðum króna að teknu tilliti til skattaáhrifa. Áhrifin eru meðal annars vegna færslu eigna í hverju þrepi, vænt virðisrýrnun fyrirgreiðslna í þrepi 2, mismunandi efnahagslegra sviðsmynda og betri gagna sem útreikningar byggja á

- Innleiðing virðisrýrnunarreglna IFRS 9 getur stuðlað að aukinni sveiflu í afkomu samstæðunnar



# Sjóðstreymi

Fjárhæðir í milljörðum króna

## Handbært fé hækkar einkum vegna nýrrar lántöku




- Lánveitingar tóku við sér á seinni hluta ársins
- Ný fjármögnun er bæði í formi lántöku og innlána

Arion banki – fyrir framtíðina

# Horft til framtíðar

Arion banki starfar í **sterku og vaxandi efnahagsumhverfi**

**Vöxtur í lánasafni** umfram vöxt í íslensku efnahagslífi

**Áhersla á stafrænar lausnir** bæði hvað varðar þjónustu við viðskiptavini og innri skilvirkni

**Hagræðing eiginfjárgrunns** með því að greiða út arð og kaupa eigin bréf

# Fjárhagsleg markmið komandi ára

**Eiginfjárkrafa (CET 1)**
(Í samræmi við kröfur eftirlitsaðila)
Lækka niður undir **17%**

**Arðsemi eigin fjár**
Ná arðsemi umfram **10%**

**Kostnaðarhlutfall**
Lækka í um það bil **50%**

**Lánavöxtur**
Lánavöxtur sé **umfram vöxt í efnahagslífinu**

**Arðgreiðslustefna**
Arðgreiðsluhlutfall í kringum **50%** af hagnaði til hluthafa

Arion banki
– *fyrir framtíðina*

# Kennitölur og reiknuð afkoma



# Helstu kennitölur – samanburður milli ára

Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Verðtryggingarjöfnuður (ma.kr.)




Gjaldeyrisójöfnuður (ma.kr.)




Áhættuvegnar eignir / heildareignir (%)



# Helstu kennitölur – ársfjórðungslegur samanburður

## Arðsemi eiginfjár (%)




## Kostnaðarhlutfall (%)




## Vaxtamunur (%)




## Vandræðalán* (%)




## Hlutfall lána á móti innlánum (%)

Án lána sem fjármögnuð eru með sértryggðum skuldabréfum




## Hlutfall eiginfjárþáttar A (%)




## Lausafjárhlutfall (LCR) (%)




## Heildar niðurfærð lán / Heildar lán (%)




* Vandræðalán (lán í yfir 90 daga vanskilum en ekki niðurfærð + lán með sértækri niðurfærslu) sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina

# Þróun lykil mælikvarða

Fjárhæðir í milljörðum króna















Arion banki
– fyrir framtíðina

# Lykiltölur

Fjárhæðir í milljónum króna

| | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 4F 2017 | 3F 2017 | 2F 2017 | 1F 2017 | 4F 2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | | | | | | |
| Hreinar vaxtatekjur | 29.835 | 29.900 | 26.992 | 24.220 | 23.800 | 7.265 | 7.250 | 8.160 | 7.160 | 7.842 |
| Hreinar þóknanatekjur | 15.357 | 13.978 | 14.484 | 13.309 | 11.223 | 4.654 | 3.865 | 3.508 | 3.330 | 3.765 |
| Rekstrartekjur | 53.378 | 54.546 | 86.620 | 54.328 | 44.211 | 13.924 | 11.597 | 15.160 | 12.697 | 14.185 |
| Rekstrarkostnaður | 29.961 | 30.540 | 27.811 | 26.701 | 25.072 | 8.581 | 7.540 | 5.784 | 8.056 | 8.210 |
| Hagnaður | 14.419 | 21.739 | 49.679 | 28.594 | 12.657 | 4.066 | (113) | 7.113 | 3.353 | 4.475 |
| Arðsemi eigin fjár | 6,6% | 10,5% | 28,1% | 18,6% | 9,2% | 7,3% | -0,2% | 13,0% | 6,3% | 8,6% |
| Vaxtamunur | 2,9% | 3,1% | 3,0% | 2,8% | 2,9% | 2,7% | 2,7% | 3,1% | 2,8% | 3,2% |
| Arðsemi eigna | 1,3% | 2,1% | 5,0% | 3,0% | 1,4% | 1,4% | 0,0% | 2,6% | 1,2% | 1,7% |
| Kostnaðarhlutfall | 56,1% | 56,0% | 32,1% | 49,1% | 56,7% | 61,6% | 65,0% | 38,2% | 63,5% | 57,9% |
| Kostnaður/heildareignir | 2,7% | 3,0% | 2,9% | 2,9% | 2,8% | 3,0% | 2,7% | 2,1% | 3,0% | 3,2% |
| **Efnahagur** | | | | | | | | | | |
| Heildareignir | 1.147.754 | 1.036.024 | 1.011.043 | 933.736 | 938.850 | 1.147.754 | 1.144.853 | 1.126.411 | 1.119.648 | 1.036.024 |
| Útlán til viðskiptavina | 765.101 | 712.422 | 680.350 | 647.508 | 635.774 | 765.101 | 750.947 | 733.649 | 720.198 | 712.422 |
| Íbúðalán | 329.735 | 298.971 | 284.784 | 282.045 | 190.008 | 329.735 | 318.403 | 309.339 | 302.679 | 298.971 |
| Vandræðalán | 1,0% | 1,6% | 2,5% | 4,4% | 6,3% | 1,0% | 1,4% | 1,3% | 1,5% | 1,6% |
| Áhættuvegnareignir / heildareignir | 66,8% | 72,7% | 79,9% | 74,5% | 76,8% | 66,8% | 68,4% | 67,0% | 66,4% | 72,7% |
| Eiginfjárþáttur 1 | 23,6% | 26,1% | 23,4% | 21,8% | 19,2% | 23,6% | 26,6% | 27,8% | 27,3% | 26,1% |
| Vogunarhlutfall | 15,4% | 17,8% | - | - | - | 15,4% | 16,8% | 17,4% | 17,0% | 17,8% |
| Lausafjárhlutfall | 221,0% | 171,3% | 134,5% | 174,0% | - | 221,0% | 228,6% | 266,2% | 163,5% | 171,3% |
| Lán móti innlánum | 165,5% | 172,9% | 145,0% | 142,3% | 134,7% | 165,5% | 168,4% | 167,7% | 151,4% | 172,9% |

# Efnahagsreikningur

Fjárhæðir í milljörðum króna

## 5 ára yfirlit

| Eignir | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands | 140 | 88 | 48 | 21 | 38 |
| Útlán til lánastofnana | 87 | 80 | 87 | 109 | 102 |
| Útlán til viðskiptavina | 765 | 712 | 680 | 648 | 636 |
| Verðbréfaeign | 109 | 117 | 133 | 102 | 87 |
| Fjárfestingareignir | 7 | 5 | 8 | 7 | 29 |
| Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum | 1 | 1 | 27 | 22 | 18 |
| Aðrar eignir | 39 | 32 | 27 | 26 | 30 |
| **Eignir samtals** | **1.148** | **1.036** | **1.011** | **934** | **939** |

| Skuldir og eigið fé | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands | 7 | 8 | 11 | 23 | 28 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 462 | 412 | 469 | 455 | 472 |
| Aðrar skuldir | 67 | 65 | 62 | 61 | 58 |
| Lántaka | 385 | 339 | 256 | 201 | 205 |
| Víkjandi skuldir | - | - | 10 | 32 | 32 |
| Eigið fé | 226 | 211 | 193 | 161 | 140 |
| Hlutdeild minnihluta | 0 | 0 | 9 | 2 | 5 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.148** | **1.036** | **1.011** | **934** | **939** |

Arion banki – fyrir framtíðina

# Reiknuð afkoma

Fjárhæðir í milljónum króna

## Útreikningur á niðurfærslu hefur mest áhrif á afkomu

| | 2017 | Breyting | Reiknað |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 29.835 | 17 | 29.852 |
| Hreinar þóknanatekjur | 15.357 | - | 15.357 |
| Hreinar fjármunatekjur | 4.091 | - | 4.091 |
| Hreinar tekjur af tryggingum | 2.093 | - | 2.093 |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | (925) | - | (925) |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.927 | - | 2.927 |
| **Rekstrartekjur** | 53.378 | 17 | 53.395 |
| Laun og launatengd gjöld | (17.189) | - | (17.189) |
| Annar rekstrarkostnaður | (12.772) | (1.490) | (14.262) |
| Bankaskattur | (3.172) | - | (3.172) |
| Hrein virðisbreyting | 186 | (4.071) | (3.885) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | 20.431 | (5.544) | 14.887 |
| Tekjuskattur | (5.806) | 1.501 | (4.305) |
| Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta | (206) | - | (206) |
| **Hagnaður** | **14.419** | **(4.043)** | **10.376** |
| | | | |
| Arðsemi eigin fjár | 6,6% | | 4,8% |
| Kostnaðarhlutfall | 56,1% | | 58,9% |
| Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir | 2,9% | | 2,9% |

Helstu breytingar:

1) Vaxtatekjur frá dótturfélögum í ótengdri starfsemi teknar út og vaxtatekjur reiknaðar á bókfært verð annarra eigna í ótengdri starfsemi
2) Bakfærsla á öðrum rekstrarkostnaði að fjárhæð 2.669 m.kr. vegna bakfærðrar skuldar við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Kostnaður vegna sérfræði-þjónustu og reiknaður kostnaður við ótengda starfsemi
3) Öll hrein virðisbreyting útlána færð út og 0,58% virðisrýrnun reiknuð á heildarútlán til viðskiptavina
4) Tekjuskattsáhrif á reiknaðar breytingar



Arion banki – fyrir framtíðina

# Starfsþættir



Arion banki
– fyrir framtíðina

# Viðskiptabankasvið

Fjárhæðir í milljónum króna

## Jákvæð þróun í kjarnastarfsemi viðskiptabankasviðs

- Viðskiptabankasvið veitir margvíslega þjónustu, þ.m.t. innlán og útlán, sparnað, greiðslukort, lífeyrissparnað, tryggingar, verðbréf og sjóði. Fagfjárfestingarsjóður Arion banka hf. er hluti af viðskiptabankasviði
- Til að ná fram hámarks skilvirkni er útibúum samstæðunnar skipt í fimm klasa og njóta smærri útibúin þar með hags af styrk stærri eininga innan hvers klasa
- Viðskiptavinir viðskiptabankasviðs, sem rekur 24 útibú og afgreiðslur víðsvegar um landið, eru yfir 100.000

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)




**Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:**

| | 2017 | 2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 15.502 | 14.992 | 3% |
| Hreinar þóknanatekjur | 4.703 | 3.537 | 33% |
| Aðrar tekjur | 927 | 1.173 | (21%) |
| **Rekstrartekjur** | **21.151** | **19.702** | **7%** |
| Rekstrarkostnaður | (5.134) | (6.134) | (16%) |
| Úthlutaður kostnaður | (5.905) | (6.149) | (4%) |
| Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki | (1.097) | (980) | 12% |
| Hrein virðisbreyting | 2.489 | 5.557 | (55%) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **11.504** | **11.996** | **(4%)** |

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Útlán til viðskiptavina | 477.494 | 460.420 | 4% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 307.552 | 295.628 | 4% |
| Úthlutað eigið fé í árslok | 65.928 | 73.409 | (10%) |

- Hreinar vaxtatekjur hækka lítillega þrátt fyrir mikla samkeppni
- Mikill vöxtur í hreinum þóknanatekjum milli ára
- Hreinar vaxtatekjur eru u.þ.b. 80% af tekjum sviðsins
- Bakfærsla á skuld við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta að fjárhæð 1.733 m.kr. hefur mikil áhrif á rekstrarkostnað

Arion banki – fyrir framtíðina

# Fyrirtækjasvið

Fjárhæðir í milljónum króna

## Harðandi samkeppni á fyrirtækjamarkaði þrýstir á vaxtamun

- Fyrirtækjasvið veitir stærri fyrirtækjum landsins alhliða fjármálaþjónustu og sérsniðnar lausnir sem þjóna þeirra þörfum hverju sinni
- Sviðið þjónustar fyrirtæki landsins með lausnir á sviði fjármögnunar, innlána, greiðslumiðlunar og virðisaukandi rafrænnar þjónustu

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)




**Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:**

| | 2017 | 2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 6.002 | 6.436 | (7%) |
| Hreinar þóknanatekjur | 1.171 | 1.082 | 8% |
| Aðrar tekjur | 1.370 | 356 | 285% |
| **Rekstrartekjur** | **8.543** | **7.874** | **8%** |
| Rekstrarkostnaður | (357) | (605) | (41%) |
| Úthlutaður kostnaður | (2.424) | (2.386) | 2% |
| Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki | (671) | (609) | 10% |
| Hrein virðisbreyting | (1.794) | 33 | - |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **3.297** | **4.307** | **(23%)** |

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Útlán til viðskiptavina | 247.306 | 242.634 | 2% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 23.287 | 12.223 | 91% |
| Úthlutað eigið fé í árslok | 56.674 | 58.250 | (3%) |

- Hreinar þóknanatekjur hækka milli ára
- Hreinar vaxtatekjur lækka í harðri samkeppni og lækkandi vaxtaumhverfi
- Neikvæð virðisbreyting vegna lána til United Silicon
- Bakfærsla á skuld við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta að fjárhæð 198 m.kr. hefur umtalsverð áhrif á rekstrarkostnað

Arion banki – fyrir framtíðina

# Eignastýring

Fjárhæðir í milljónum króna

## Stærsta eignastýringarstarfsemi á Íslandi

Skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankaþjónustu, fjárfestingarþjónustu og rekstur lífeyrissjóða.

- Eignastýring fyrir viðskiptavini
- Aðalsöluaðili sjóða Stefnis
- Annast sölu alþjóðlegra sjóða
- Annast heildarrekstur lífeyrissjóða

Afkoma Stefnis hf., sem er sjálfstætt sjóðastýringarfyrirtæki, er sett fram sem hluti af eignastýringarstarfsemi bankans

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)




**Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:**

| | 2017 | 2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 502 | 535 | (6%) |
| Hreinar þóknanatekjur | 4.011 | 3.863 | 4% |
| Aðrar tekjur | 164 | (53) | (409%) |
| **Rekstrartekjur** | **4.677** | **4.345** | **8%** |
| Rekstrarkostnaður | (1.138) | (1.422) | (20%) |
| Úthlutaður kostnaður | (1.019) | (882) | 16% |
| Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki | (182) | (209) | (13%) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **2.338** | **1.832** | **28%** |

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Úthlutað eigið fé í árslok | 5.331 | 5.574 | (4%) |
| Eignir í stýringu | 984.653 | 1.054.759 | (7%) |

- Hreinar þóknanatekjur eru um 90% af tekjum eignastýringar
- Hreinar þóknanatekjur hækka lítillega milli ára
- Bakfærsla á skuld við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta að fjárhæð 360 m.kr. hefur talsverð áhrif á rekstrarkostnað



Arion banki – fyrir framtíðina

# Fjárfestingarbankasvið

Fjárhæðir í milljónum króna

## Áframhaldandi áhersla á hreinar þóknanatekjur

- Fjárfestingarbankasvið skiptist í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskipti og greiningardeild
- Fyrirtækjaráðgjöf veitir ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja og stærri fjárhagsákvarðanir sem fyrirtæki og fjárfestar standa frammi fyrir
- Markaðsviðskipti annast verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun fyrir hönd bankans
- Greiningardeildin fjallar um íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði

Hlutdeild í rekstrartekjum (%)




**Rekstrarreikningur og lykilmælikvarðar:**

| | 2017 | 2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 240 | 1.104 | (78%) |
| Hreinar þóknanatekjur | 1.298 | 1.808 | (28%) |
| Hreinar fjármunatekjur | (71) | (100) | (29%) |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | 0 | 613 | (100%) |
| Aðrar tekjur | 0 | 321 | (100%) |
| **Rekstrartekjur** | **1.467** | **3.746** | **(61%)** |
| Rekstrarkostnaður | (780) | (939) | (17%) |
| Úthlutaður kostnaður | (652) | (827) | (21%) |
| Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki | (39) | (41) | (5%) |
| Hrein virðisbreyting | (53) | 1.704 | (103%) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **(57)** | **3.643** | **(102%)** |

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|
| Heildar eignir | 16.165 | 16.836 | (4%) |
| Úthlutað eigið fé í árslok | 1.001 | 2.980 | (66%) |

- Hreinar þóknanatekjur eru helstu tekjur sviðsins
  - Markaðsviðskipti ganga vel en tekjur af fyrirtækjaráðgjöf lækka frá fyrra ári. Ráðgjöfin hefur tekið þátt í viðamiklum innri verkefnum
- Lækkun á rekstrartekjum frá 2016 einkum vegna lækkunar á vaxtaberandi eignum og flutningi eigna til skrifstofu bankastjóra í byrjun annars ársfjórðungs 2016

Arion banki – fyrir framtíðina

# Fyrirvari

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.